

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti með síðari breytingum (yfirtökureglur) (369.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um yfirtöku í lögum um verðbréfavíðskipti til frekari skýringar á ákvæðum laganna.

Ofangreint frumvarp er sett fram í þeim tilgangi að skýra frekar ákvæði laganna sem var breytt á síðasta löggjafarþingi. Gera verður athugasemd við fyrri vinnubrögð, með því að vanda betur til verka í fyrstu umferð er dregið úr þörf til að laga og skýra ákvæði, þetta er tvíverknaður sem mætti koma í veg fyrir með auðveldum hætti, betri og vandaðri vinnubrögðum. Viðskiptaráð styður því þær breytingar sem settar eru fram í ofangreindu frumvarpi en mælir fyrir því að vandaðri vinnubrögð verði höfð að leiðarljósi í framtíðinni.

Viðskiptaráð ítrekar fyrri athugasemdir sínar um að yfirtökumörkin í lögnum sé miðað við 30%. Við breytingar á lögnum með lögum nr. 141/2010 voru mörkin sett í 30% þrátt fyrir að fyrstu drög gerðu ráð fyrir 33% sem er það viðmið sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Sérreglur sem þessar, sem ekki eru í samræmi við regluverk nágrannalanda okkar, skerða samkeppnishæfni íslensks verðbréfamarkaðar án auðsjáanlegrar ástæðu. Eðlilegra væri að yfirtökumörkin væru í samræmi við regluverk í þeim löndum sem við berum okkur helst við, sem er 33% eins og fram kom í fyrri umfjöllunum um breytingar á lögnum.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái fram að ganga og að viðmiðunarmörk í 100 gr. laganna verði færð í 33% til samræmis við samanburðarlönd okkar.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands